

- c) Grunnjald hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni 105.000
 Gjöld skv. 1. og 3. tl. skulu greidd innan eins mánaðar frá móttökudegi umsóknar.
 Gjald skv. 2. tl. skal greitt innan mánaðar frá því tilkynnt er um greiðslu.
 Gjöld skv. 4. tl. skulu greidd innan þriggja mánaða frá móttökudegi umsóknar.
 Hafi gjöld samkvæmt 1. og 3. tl. ekki verið greidd á gjalddaga taka gildi ákvæði 16bis. reglu PCT, sbr. 3. mgr. 46. gr. rg. ell.

3. gr.

Gjöld skv. 1. - 5. tl. 1. gr. eru í samræmi við gjaldskrá Alþjóðahugverkastofnunarinnar frá 1. janúar 1995, vegna meðhöndlunar alþjóðlegra einkaleyfisumsókna skv. Samstarfs-sáttmálanum um einkaleyfi, ásamt viðeigandi reglum, sbr. 96. reglu PCT.

Gjöld skv. 6. - 7. tl. 1. gr. og 4. tl. 2. gr. eru ákveðin skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi (ell.), sbr. einnig 46. gr. rg. ell.

Gjöld skv. 2. gr. eru í samræmi við gjaldskrár viðkomandi rannsóknarstofnana, sbr. fyrrgreinda gjaldskrá Alþjóðahugverkastofnunarinnar frá 1. janúar 1995.

4. gr.

Framangreind gjöld skal greiða Einkaleyfastofnuni sem viðtökustofnun fyrir alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir. Gjaldskrá þessi er í samræmi við ákvæði Samstarfssáttmálans um einkaleyfi (PCT) og viðeigandi reglur, sbr. III. kafla laga nr. 17/1991 um einkaleyfi (ell.) og ákvæði 46. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl. (rg. ell.) og öðlast gildi hinn 23. mars 1995.

Iðnaðarráðuneytið, 17. mars 1995.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Ásgeir Einarsson.

REGLUGERÐ

um gjöld vegna yfirfærslu alþjóðlegra einkaleyfisumsókna til Íslands.

1. gr.

Eftirtalin gjöld skal greiða við yfirfærslu alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar til Íslands:

| | Kr. |
|--|--------|
| 1) Grunnjald fyrir alþjóðlega einkaleyfisumsókn skv. 1. mgr. 31. gr. eða 2. mgr. 38. gr. einkaleyfalaga (ell.) | 27.500 |
| 2) Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. ell. fyrir alþjóðlega umsókn, sem yfirfærð er skv. 31. gr. laganna, eða fyrir einkaleyfisumsókn sem lögð er inn í samræmi við 38. gr. ell.: | |
| a) grunnjald telst greitt hafi gjald skv. 1. tl. verið greitt, | |
| b) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu | 1.200 |
| 3) Gjald skv. 36. og 37. gr. ell. | 27.500 |
| 4) Viðbótargjald vegna viðbótarfrests til að leggja inn tilskilda þýðingu eða afrit af umsókn skv. 3. mgr. 31. gr. ell. | 10.000 |

Gjöld skv. 1. - 3. tl. 1. gr. skulu greidd innan 20 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi eða, sé forgangsréttar krafist, frá forgangsréttardegi. Ef umsækjandi hefur óskað eftir að gerð verði alþjóðleg forathugun á einkaleyfishæfi lengist áður nefndur frestur í 30 mánuði.

Gjald skv. 4. tl. 1. gr. skal greitt innan 2 mánaða frá því að frestum skv. 2. mgr. lýkur.

2. gr.

Framangreind gjöld skal greiða Einkaleyfastofunni. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi (ell.), sbr. ákvæði II. og III. kafla laganna og öðlast gildi hinn 23. mars 1995.

Iðnaðarráðuneytið, 17. mars 1995.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Ásgeir Einarsson.